



*Alþingi*

*Erindi nr. Þ*

*120/11690*

*komudagur*

*26/4*

*1996*

25.04.96

Nefndardeild Alþingis  
Þórshamri v/Templararsund  
150 REYKJAVÍK

## **Erindi:** Umsögn um frumvarp til laga um lögreglulög, 451. mál, heildarlög.

Ég undirrituð ætla mér í fyrsta lagi að veita umsögn um þá lagagrein sem varðar beinlínis minn starfsvettvang, en það er 11. gr sem kveður á um samvinnu lögreglu við önnur sjórnvöld og stofnanir. Í öðru lagi ætla ég mér að veita umsögn um 36. gr, sem kveður á um hlutverk Lögregluskóla ríkisins.

Hvað varðar 11.gr, lýsi ég yfir ánægju minni með að sett sé í lög almennt ákvæði um fyrrnefnda samvinnu. Einkum finnst mér það tímabært það sem stendur í 2. mgr að lögfest sé ákvæði um gagnkvæma samvinnu lögreglu, félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og menntamálayfirvalda um forvarnir gegn áfengi, ólöglegum vímuefnum og hvers kyns aðrar afbrotavarnir. Fyrrnefndir aðilar eru að einhverju leyti í samvinnu nú þegar. Má í því sambandi nefna samvinnu Unglingadeildar og Útdeildar F.R. við Forvarnardeild lögreglunnar varðandi afbrotamál unglunga undir sjálfræðisaldri, en samstarfið almennt mætti vera á enn formlegri nótum en það er í dag. Það mætti t.d mynda þverfaglegt teymi með fulltrúum frá lögreglu, félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum sem hefði með að gera upplýsingamiðlun, samráð og samstarf varðandi skipulag og framkvæmd forvarnarstarfs. Þessir aðilar þyrftu að hafa góða yfirsýn yfir það forvarnarstarf sem er fyrir hendi á þeirra starfsvettvangi og vera í nánú samstarfi við alla sem eru í grasrótinni í þeim málum. Þannig ætti að takast að samræma forvarnarstarf á sem hagkvæmasta og áhrifaríkasta hátt. Vegna góðrar yfirsýnar varðandi forvarnarmál ætti fyrirmenft teymi einnig að vera í aðstöðu til þess að velja úr umsóknir um styrk úr Forvarnarsjóði.

Varðandi 36. gr. sem kveður á um hlutverk Lögregluskóla ríkisins, finnst mér að það mætti felast í því hlutverki að lögreglumenn sé búnir undir þau erfiðu, flóknu og átakasömu samskipti sem þeir þurfa að takast á við í starfi sínu. Til þess að uppfylla þetta hlutverk mætti leggja meiri áherslu á almenna sálfræði en nú er og leggja sérstaka áherslu á að fræða

og þjálfra lögreglunema í samskiptum. Ég hef þessa skoðun vegna þess að ég tel að það reyni mjög mikið á samskipti í starfi lögreglumannsins. Þeir þurfa t.d að stilla til friðar inn á heimili og við aðrar aðstæður. Auk þess lenda þeir oft í því að verða fyrir neikvæðum athugasemdum og öðru aðkasti og er þá brýnt að lögreglumenn kunni að taka á slíkum málum án þess að skaða sjálfan sig né aðra.

Þar að auki tel ég að Lögregluskólinn eigi að hafa það hlutverk að undirbúa lögreglunema undir það að takast á við upplifun af andlega erfiðum aðstæðum t.d eins og að vera vitni að slysum og dauðsföllum ýmis konar, heimilisofbeldi og öðru hrottalegu ofbeldi.

Virðingarfyllst  
F.h Útdeildar F.R



Hólmfríður Bára Bjarnadóttir  
Forstöðumaður Útdeildar